

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
06. mars 2015 10.05.01	
Tilv. _____	

Þingeyjarsveit
Bjarni Reykjalín
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík 6. mars 2015
UST201503-063/B.S.

Efni: Efnisnáma í Arnstapa – framkvæmdaleyfi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar dags. 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna fyrirhugaðrar efnistöku í landi Arnstapa í Ljósavatnsskarði þar sem Vegagerðin ætlar að vinna um 3.000 m³ af efni.

Fyrirhuguð náma er innan svæðis nr. 520 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.“ Fyrirhuguð efnistaka er úr einum þeirra hóla sem setja mikinn svip á umhverfið við Ljósavatn. Efnistaka hefur um lagst skeið verið úr ýmsum hólum á svæðinu og það á einnig við um námuna í Arnstapa sem Vegagerðin ráðgerir að nýta. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku Vegagerðarinnar. Stofnunin telur hins vegar að leggja eigi áherslu á að ekki verði hafin efnistaka úr hólum sem enn eru óraskaðir, þannig að varðveittur verði hluti þess landslags sem talið er að hafi mest náttúruverndargildi við Ljósavatn.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri